



331. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn á Microsoft Teams, miðvikudaginn 28. desember 2022 kl. 12:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson, Úlfur H. Hróbjartsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Ingi Þór Ágústsson og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson.

Dagskrá:

1. Afrekssjóður – niðurfellingar og úthlutun

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri lagði fram og skýrði tillögu Afrekssjóðs ÍSÍ að niðurfellingu styrkja sem úthlutað var til verkefna sem ekki var farið í eða þar sem raunkostnaður var lægri en áætlað var. Um er að ræða niðurfellingar að upphæð samtals 4.475.264,-, sbr. framlagt fylgiskjal þar að lútandi. Enn eiga 10 sérsambönd eftir að skila inn upplýsingum varðandi uppgjör verkefna ársins 2022 og er því líklegt að tillaga um frekari niðurfellingar verði lögð fram á næsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

2. Tillögur að úthlutun á COVID-19 stuðningi ríkisins

Hörður Þorsteinsson og Andri Stefánsson fóru yfir stöðu mála. Á 327. fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ, 6. október sl., var samþykkt aðferðarfræði vinnuhópsins um skiptingu fjárframlags ríkisins til íþróttta- og æskulýðsfélaga vegna afleiðinga COVID-19. Var þá miðað við að framlagið yrði 500 m. króna en upphæðin var lækkuð um 50 m. króna við samþykkt fjárukalaga rétt fyrir jól og í kjölfarið fékk ÍSÍ málið aftur til endurmats.

Nú hefur vinnuhópur ÍSÍ sem annast hefur útreikning allra COVID fjárframlaga frá ríkinu endurskoðað útreikning styrkja út frá breyttri upphæð framlagsins og liggur fyrir ný tillaga að skiptingu styrkja.

Hörður og Andri fóru yfir forsendur útreiknings en samkvæmt forskrift sem fylgdi fjárframlaginu frá mennta- og barnamálaráðuneytinu þá er skilyrt að 70% af framlaginu fari til sérsambanda og íþróttahéraða ÍSÍ og 30% til íþróttta- og æskulýðsfélaga, skv. umsóknum.

Framlögð tillaga samþykkt samhljóða.

Tillagan verður strax send til ráðuneytisins og er vonast til að fjárframlagið verði greitt til ÍSÍ fljótt og vel svo að hægt verði að greiða út styrki sem allra fyrst.

Þakkir bókaðar til vinnuhópsins og skrifstofu ÍSÍ vegna þeirra miklu vinnu sem unnin hefur verið við yfirferð umsókna og útreikning styrkja.

3. Næsti fundur

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ er áætlaður **12. janúar nk.** á hefðbundnum tíma.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari